

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 259/2024

2025/EES/25/08

frá 6. desember 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2039 frá 29. júlí 2024 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1173 með því að fella brott fóduraukefni í viðaukanum við hana ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2040 frá 29. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1070 að því er varðar að koma á umbreytingarráðstöfunum vegna endurnýjunar á leyfi fyrir blöndu með 25-hýdroxýkólekalísíferóli sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* CBS 146008 ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 504. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1173):

„, breytt með:

- **32024 R 2039:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2039 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2039, 30.7.2024).“

2. Eftirfarandi er bætt við 578. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1070):

„, breytt með:

- **32024 R 2040:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2040 frá 29. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2040, 30.7.2024).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/2039 og (ESB) 2024/2040, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2039, 30.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2039/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2040, 30.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2040/oj

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.